

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

324. fundur

Föstudaginn 29. maí 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Björg Fenger sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir sviðsstjóri gæða- og mannauðssviðs.

Dagskrá fundar:

1. Covid-staðan
2. Farþegatalningar 1sta ársfjórðungur 2020.
3. Aðgerðalisti vegna starfsánægjukönnunar.
4. Kynning á samgöngulíkani.
5. Eigendastefnan - útvistun.
6. Staða dómsmáls.
7. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Stöðumat vegna COVID-19

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, fór yfir stöðuna og áhrif Covid-19 á reksturinn. Akstur skv. sumarátætlun hófst þann 18. maí sl. en farþegum hefur fjölgað hægt. Verið er að vinna, í samvinnu við starfsmenn, að því að opna framhurðina þ.a. að eðlilegt tekjuflæði komist á. Samhliða er verið að skoða hvernig unnt er að skerpa vagnstjóra af.

2. Farþegatalningar á 1sta ársfjórðungi 2020

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, fór yfir farþegatölur fyrir fyrstu þrjú mánuðina. Janúar og febrúar voru með yfir 1 milljón innstiga hvor mánuður, en fjöldi innstiga í mars voru rúm 780 þús. Stærstu stoppustöðvarnar eru Hlemmur, Mjódd og Hamraborg í Kópavogi.

3. Aðgerðalisti vegna starfsánægjukönnunar

Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs, fór yfir aðgerðarlista í kjölfar vinnustaðagreiningar sem gerð var í febrúar 2020.

4. Kynning á samgöngulíkani

Albert Skarphéðinsson, samgönguverkfræðingur hjá Mannviti, fór yfir samgöngulíkan sem notað er til að meta áhrif ýmissa þátta við uppbyggingu Borgarlínu á umferð, farþegafjölda í almenningssamgöngum o.fl..

5. Eigendastefna - útvistun

Almenn umræða um eigendastefnu Strætó og næstu skref. Ákveðið að halda áfram að ræða og skoða þessi mál innan stjórnar Strætó og framkvæmdastjóra Strætó falið að gera nánari greiningu í samræmi við umræður á fundinum.

6. Staða dómsmáls

Guðmundur Siemsen, lögfræðingur Strætó, kom á fundinn og fór yfir stöðuna og næstu skref í dómsmáli vegna forgangsröðunar í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

7. Önnur mál.

- a. Lagt fram bréf frá borgarstjórn Reykjavíkur, dagsett 8. maí, þar sem tilkynnt er að Kristín Soffía Jónsdóttir taki sæti sem varamaður í stjórn Strætó.

Fundi slitið: kl. 13:00

Fylgiskjöl: Stöðumat vegna Covid 19,

Björg Fengler

Hjálmar Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson